

Alþingi  
Erindi nr. P 133/738  
komudagur 23.1.2007

**Samlagsfélög**  
Minnisblað Áslaug Björgvinsdóttir 23. jan. 2007

2003: Skráð 89 samlagsfélög

2004: Skráð 134 samlagsfélög

2005:

2006:

Samlagsfélag slf.:

Félag þar sem einn eða fleiri félagsmenn bera samskonar ábyrgð og félagsmenn í sameignarfélagi, þ.e. ótakmarkaða, óskipta og beina ábyrgð á skuldbindingum félagsins á meðan einn eða fleiri félagsmenn (samlagsmenn) bera takmarkaða ábyrgð.

3. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð:  
**„Firma samlagsfélags skal að minnsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum.**

Eins og sameignarfélög er val um það hvort þau eru sjálfstæðir skattaðilar eða ekki

**Hvers konar samstarf?**

Samlagsmaðurinn getur t.d. verið hlutafélag eða einkahlutafélag sem jafnvel er í eigu félagsmannsins sem ber alla ábyrgðina.

Samlagsfélagaformið hentar vel samstarfi þar sem einn eða fleiri þátttakendur eiga sjá um reksturinn en aðrir þátttakendur eiga að vera passívir þátttakendur. T.d. frumkvöðull sem ætlar sjálfur að þróa og reka verkefnið en fær fjárfesta með sér og mögulega geta þeir tekið að einhverju leyti þátt í félagsstjórninni.

Með lögum nr. 88/2006 voru sett sérákvæði um samlagshlutafélög í hlutafélagalögin nr. 2/1995

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar

Samlagshlutafélög eru ávallt sjálfstæðir skattaðilar, sbr. 1. tl. 2. gr. laga um tekju og eignaskatt

Helstu atriði sem skoða þarf sérstaklega og eru ólík sf. og slf.:

Ólík réttarstaða ábyrgðarmannsins og samlagsmanna (þeirra sem bera takmarkaða ábyrgð).

- Réttarsamband þeirra innbyrðis
- Réttarsamband þeirra gagnvart félaginu

**Ákvæði:**

1. gr. Gildissvið: Skráðra slf. Og óskráðra sfl. Þar sem ábyrgðarmaðurinn býr hér á landi

2. gr. Hugtakið slf.

3. gr. Frávíkjanleg ákvæði: Ákvæði IX. Eða X. Kafla um slf. Eiga við nema kveðið sé á um annað í félagssamningi.

4. gr. Samlagsfélög, sem skráð eru í firmaskrá, skulu hafa orðið samlagsfélög í heiti sínu eða skammsöfunina sf.  
Að öðru leyti fer um heiti sameignarfélaga og samlagsfélaga

**II. kafli bæri heltið Stofnun sameignarfélaga og samlagsfélaga. Ábyrgð félagsmanna**

5. gr. Skráð samlagsfélög eru hæft til að eiga réttindi og skyldur

6. gr. Stofnendur og síðar félagsmenn í sameignarfélagi og samlagsfélagi geta verið ....

7. gr. Viðbótarákvæði um félagssamning þegar um samlagsfélag er að ræða

- Fjárhæð stofnfjár og hve mikið af því greitt

8. gr. a. Ábyrgð á skuldbindingum samlagsfélags

(8. gr. hétu þá Ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags)

Samlagsmenn bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins allt að þeirri fjárhæð sem hann ábyrgist samkvæmt félagssamningi eða með framlagi sínu til félagsins samkvæmt félagssamningi

Síðan nýr kafli um Samlagsfélög í lokin IX. Eða X. kafli

### **Ákvæði um:**

- Stofnfé og hluti samlagsmanna. Taka þyrfti afstöðu til hvort setja eigi það skilyrði um skráð slf. að samlagsmenn inni af hendi tiltekið stofnfé og það sé með einhverjum bundið. Einnig hvort kveða á um lágmarkseignarhlut samlagsmanna, t.d. 10% af stofnfé og eignum félagsins, sbr. grein 3-1 í norsku lögum. Sjá einnig þýsku lögin 161. gr. þar sem aðeins kveðið á um að greina skuli fjárhæð framlags samlagsmanna. Í norsku lögum lágmarksstofnfé samlagsmanna er u.þ.b. ikr. 200.000
  - Mikilvægt að skilgreina vel eignarhlutföll og meðferð hagnaðar og taps.
- Stjórnkerfi – sjá m.a. sérákvæði hfl. um slfhf. Sé ekki kveðið nánar á um stjórnun félagsins í félagssamningi er litið svo á að hún sé í höndum ábyrgðarmannsins í samræmi við ótakmarkaða ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins. Hins vegar heimilt að kveða á um annað í félagssamningi, t.d. kjör stjórnar sem fari með rekstur félagsins.
  - Stjórnunarréttindi samlagsmanna talmörkuð eða engin
  - Stjórnunarréttindi ábyrgðarmannsins rík, t.d. að ábyrgðarmaður gegni hlutverki stjórnar sé hún ekki kosinn, svo og störfum framkvæmdastjóra – ritað firma, sbr. 160. gr. hfl. og meira þar
- Ekki heimild til að koma fram f.h. félagsins
- Takmarkaður upplýsingaréttur samlagsmanna
- Hagnaður og tap
- Ekki heimild til lántöku og úttekta
- Hækkun og lækkun framlags/stofnfjár/hluta samlagsmanna
- Úrsögn og brottrekstur og slit. Útganga samlagsmanna er mun léttvægara en ábyrgðarmanna eða félagsmanna í sf.